

Nr. 46/1899:

Guðrún Bjarnardóttir  
gegn  
Arnljóti Ólafssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjandanum ekkjufrú Guðrúnu Bjarnardóttur á Presthólum gegn stefnda Arnljóti presti Ólafssyni á Sauðanesi til sekta og skaðabóta fyrir skemdir á grafreitsgrindum um leiði manns áfrýjanda í kirkjugarðinum á Sauðanesi, en með dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 28. nóv. 1898, var stefndi dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður. Svo var og með dóminum umboðsmaður áfrýjanda fyrir aukaréttinum Páll kandídat Bjarnarson dæmdur í 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Sauðanesshrepps fyrir ósæmilegan rithátt í sóknarskjali. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. desbr. f. á. og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til þess annaðhvort að uppsetja jafngóðar grindur úr steypujárni í stað hinna brotnu, eða greiða andvirði þeirra með 209 kr. ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi, að ákvæði hins áfrýjanda dóms um sekt verði úr gildi telt og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfir og undirrétti eftir réttarins mati. Loks hefir áfrýjandi krafist þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarsæti í máli þessu sakir skyldleika við undirdómarann; en með því að eigi er spurning um neina ábyrgð á hendum

undirdómaranum í málinu, þykir eigi ástæða til að verða við kröfu þessari. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóm-inum.

Vorið 1891 lét stefndi rífa gamla kirkjuhúsið á Saudanesi, sem hann hafði keypt, en þegar verið var að rífa það, misti vinnumaður hans, er meðal annara var að verkinu, tré eða borð á járngirndur, er áfrýjandi hafði látið setja uppárið áður um leiði manns síns og sem stóðu skamt fra austurgaffli kirkjunnar, og brotnuðu við þetta tappar af einu spjaldinu í grindunum (af 8 eða 9) og losnaði það því úr þeim. Eftir þetta voru grindurnar látnar eiga sig og hrörnuðu þær smátt og smátt, svo að þegar mál þetta var höfðað, virðist lítið annað hafa verið uppistandandi af þeim en stólparnir, sem spjöldin voru greipt inn í. Áfrýjandi byggir nú kröfur sínar á hendur stefnda á því, að stefndi hafi átt að svara til yfirsjónar vinnumanns síns, er grindurnar braut í fyrstu, og þar-næst á því, að hann hafi eigi varnað frekari skemdum á grindunum, sérstaklega með því að gjöra áfrýjanda aðvart um brotið á grindunum, svo að hún gæti látið gjöra við þær í tíma, enda hafi stefndi og verið orsök í því, að skemdirnar ágerðust, með því að vanrækja skyldu sína sem kirkjuhaldari að halda kirkjugarðinum við, svo að allar skepnur hafi þar gengið viðstöðulaus út og inn.

Að vísu var það, eins og áður hefir sagt verið, vinnumaður stefnda, sem olli broti á grindun-

um í fyrstu; en eftir því sem ráða virtist mega af málsskjölunum vann hann að niðurrifi kirkjunnar að eins í frístundum sínum og fyrir menn, er stefndi hafði samið við um niðurrif kirkjunnar, og verður því stefndi þegar af þeirri ástæðu eigi krafinn ábyrgðar á grafreits-grindabrotinu sjálfu. En að því leyti áfrýjandi vill gefa stefnda sök á því, að grindurnar gjörféllu síðar eða því sem næst, þá verður stefnda, eftir því sem upplýst er, eigi um það kent, þótt girðingunni um kirkjugarðinn hafi verið ábótavant, þar sem hann eftir megni virðist hafa reynt að fá rétta hlutaðeigendur, sóknarnefndina, til að bæta hana, enda er því haldið fram af áfrýjanda, að grindurnar hafi eyðilagzt eigi síður fyrir áhrifum vinds og veðra en af skepnuágangi eða fyrir það að kirkjugarðurinn var óvarinn. Og í annan stað verður eigi álitid að stefnda hafi borið skylda til að gjöra áfrýjandanum aðvart um, að grindurnar þyrftu aðgjörðar við eða til að bæta skemdirnir sjálfur, enda vissi stefndi eigi um grindabrotið fyr en eftir að áfrýjanda var orðið kunnugt um það.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefnda fyrir kær-um og kröfum áfrýjandans í máli þessu að því að-alefnið snertir. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkt og, og sömuleiðis ákvæði hans um sekt fyrir ósæmilegan rithátt, en sektin renni að hálfu í fátækra sjóð og að hálfu í lands- sjóð, og er aukaréttardómurinn staðfestur með

þeirri breytingu. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin fyrir ósæmilegan rithátt renni að hálfu í fátækra sjóð Sauðanesshrepps en að hálfu í landssjóð.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júlímánaðar.

Nr. 16/1900:

Guðmundur Þorsteinsson  
gegn

Jóni Gíslasyni.

D ó m u r :

Með leigusamningi dags. 30. apríl 1898 leigði áfrýjandinn Guðmundur Þorsteinsson trésmiður í Reykjavík stefnda Jóni skósmið Gíslasyni sama staðar í húsi sínu við Nýlendugötu í Reykjavík 2 herbergi og eldhús með eldavél og skápum, er því fylgdu, eldhússkúr, geymslupláss í kjallara og hálfan kálgarð. Leigutíminn var frá 14. maí 1898 til jafnlangdar 1899, og skyldi stefndi greiða í leigu 8 kr. fyrir hvern mánuð og annast matreiðslu fyrir leigjanda einu sinni á dag. Leigjandi skyldi hafa húsið í leigufæru standi með lyklum og heilum rúðum og leiguliði skila því í sama standi